



Framkvæmda- fréttir 25. tbl. /05



Auglýsingar útboða

Djúpvegur (61), Kjörseyri – Prestbakki 05-067

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn Djúpvegar á um 9,5 km kafla í Hrutafirði frá Kjörseyri að Prestbakka.

Helstu magnþölur eru:

Fylling og neðra burðarlag 34.000 m³

Efra burðarlag 6.500 m³

Klæðing 50.000 m²

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. ágúst 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. september 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 11. október 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Í útboði á tvöföldun Reykjanesbrautar eru þrenn mismög tíggugatnamót. Þau eru eins að formi og þau mismög gatnamót sem gerð voru á fyrsta áfanga tvöföldunar.

Reykjanesbraut (41) breikkun Strandarheiði - Njarðvík, útboð

Í þessu blaði er auglýst útboð á tvöföldun Reykjanesbrautar í framhaldi af þeim kafla sem nú þegar hefur verið tekin í notkun og áfram til Njarðvíkur, alls 12,2 km.

Gerð verða þrenn mismög gatnamót, við Vogaveg, Grinda-víkurveg og Njarðvíkurveg. Auk þess verða byggðar tvær stuttar brýr yfir Skógfellaveg. Mislægu gatnamótin eru öll svipuð að forminu til, þ.e. tíggullausn með tveimur brúm og hringtorg sitt-hvorumegin við Reykjanesbraut tengja saman rampa og þverveg.

Tvöföldun endar um 400 metrum vestan við tengingu til Keflavíkur (Stekkur) við söluskála við Fitjar. Tvær akreinar

Framhald í opnu

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 25. tbl. 13. árg. nr. 414 26. sept. 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Víktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar

Þróunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir ráðstefnu um rannsóknir þann 11. nóvember 2005, á Hótel Nordica (í ráðstefnusal á 2. hæð). Ráðstefnan fjallar að þessu sinni að mestu um rannsóknir sem fengu fjárveitingu úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar árið 2004. Nánari upplýsingar varðandi ráðstefnuna eru á heimasíðu Vegagerðarinnar (Vegagerðin > Rannsóknir og þróun > Ráðstefnur). Skráning fer fram á heimasíðunni og er þátttökugjald 10.000 kr. en fyrir nema 2.000 kr.




Framhald af forsíðu

verða þá að einni með eyju á milli umferðar úr gagnstæðum áttum. Við Stekk eru nú stefnugreind gatnamót.

Reiknað er með að syðri akbraut Reykjanesbrautar, ásamt brúarmannvirkjum, römpum og hringtorgum, verði lögð fyrst. Síðan verði núverandi akbraut tengd nýju akbrautinni sitthvoru megin við fyrirhugaðar brýr sem reistar verða í núverandi akbraut og í framhaldi af því verða brýrnar byggðar og þvervegirnir undir þeim lagðir.

Framkvæmdum á að vera lokið í júní 2008. Ætlast er til að byggingartími brúamannvirkja núverandi Reykjanesbrautar verði eins stuttur og mögulegt er, því á þeim tíma er umferðin látin fara um bráðabirgðavegi á milli núverandi og nýju akbrautar Reykjanesbrautar en það truflar umferð töluvert. Frágangur beggja fláa núverandi Reykjanesbrautar verður unninn eftir að umferð hefur verið hleypt á nýframkvæmdina.



Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41), breikkun Strandarheiði - Njarðvík 05-058

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í tvöföldun Reykjanesbrautar á 12,2 km löngum kafla frá Strandarheiði að Njarðvík, ásamt byggingu tveggja brúa við Vogaveg, tveggja brúa við Skógfellaveg, tveggja brúa við Grindavíkurveg og tveggja brúa við Njarðvíkurveg með tilheyrandi römpum, hringtorgum og þvervegum.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	145.200 m ³
Fylling	383.000 m ³
Fláafleygar	125.000 m ³
Ónothæft efni á tipp	297.000 m ³
Neðra burðarlag	117.000 m ³
Efra burðarlag	46.200 m ³
Malbik	240.500 m ²
Slitlag og axlir úr K2	48.800 m ²
Frágangur fláa	223.400 m ²
Mótafletir	4.760 m ²
Steypustyrktarjárn	279.000 kg
Eftirspennt járnalögn	33.400 kg
Steinsteypa	1.910 m ³

Verki skal vera að fullu lokið 1. júní 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. september 2005. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. nóvember 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Repjuolía í stað white spirits í klæðingar?

Notkun white spirits til tímabundinnar mykingar bindiefnis til klæðinga hefur minnkað hlutfallslega undanfarin ár. Við það dregur úr notkun efna af takmarkaðri auðlind og jafnframt dregur úr útgufun óæskilegra efna úr white spiriti út í andrúmsloftið.

White spirit gufar úr bindiefninu eftir útlögn. Það hverfur þó ekki allt og það sem eftir er þykir frekar skemma eiginleika bindiefnisins. Æskilegt er að efnið sem gerir bikið þjálft við lágt hitastig verði bætandi hluti af bindiefninu til frambúðar.

Víða um heim eru ræktaðar plöntur til framleiðslu olú; olivuolíu, soyaolíu, sólblómaolíu og repjuolíu svo nokkrar tegundir séu nefndar.

Vegagerðin hefur staðið fyrir rannsóknum hjá Fjölvveri á hegðun bindiefnis með íblöndun repjuolíu sem nefnist „Canola“. Samanburður þess þunnbiks sem þannig verður til og þess sem blandað er með white spirit bendir til þess að þunnbik með repjuolíu geti komið í stað þess bindiefnis sem

notað hefur verið til klæðinga á undanförunum árum. Þykir repjuolían frekar vinna gegn blæðingum í slitlagi öfugt við white spiritið.

Kemis ehf. hefur nú flutt inn 1000 lítra af þessari repjuolíu fyrir Vegagerðina til tilraunarlagar á vegi. Næstu daga verður ákveðið í hvaða hlutföllum blanda skal bik og repjuolíu og við hvaða hitastig skal dreifa bindiefninu á veginn. Jafnframt verður ákveðið heppilegt magn bindiefnis með repjuolíu fyrir það steinefni sem valið verður.

Þótt áliðið sé orðið er hugsanlegt að gerð verði tilraun í haust, en að öðrum kosti verða allar tilraunir geymdar til vors.

Að þessu verkefni hefur verið unnið án formlegrar nefndar. Elías Kristjánsson frá Kemis og Vegagerðarmaðurinn Sigursteinn Hjartarson hafa unnið þetta sem viðhengi við verkefni um Lághitambik sem hlotið hefur styrk úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.

Eftirlit með framkvæmdum, námskeið

Námskeið á vegum Vegagerðarinnar og Háskólans í Reykjavík um eftirlit með framkvæmdum verður haldið 10.-14. október, frá hádegi á mánudag og fram að hádegi á föstudag. Námskeiðið er öllum opið og er sérstaklega ætlað þeim er hafa eftirlit með framkvæmdum Vegagerðarinnar. Skráning þátttakenda er á skiptiborði Vegagerðarinnar á Ísafirði, sími 522 1000. Skráningu lýkur 5. október 2005. Námskeiðið kostar 70.000 kr. Matur og námskeiðsgögn eru innifalin. Háskólinn í Reykjavík sendir reikninga til viðkomandi að námskeiði loknu.

Á námskeiðinu verða sýnd hagnýt dæmi úr mismunandi verkum um fyrirkomulag eftirlits almennt, eftirlitsáætlanir og eftirfylgni þeirra. Þátttakendur vinna verkefni í hópum við rýni útboðsgagna, gerð eftirlitsáætlana og eftirfylgni þeirra. Einnig verður þeim kennt að nýta sér rafrænt framkvæmdakerfi Vegagerðarinnar og fer sú kennsla fram í tölvuveri.

Í verkefnavinnu verður unnið með útboðsgögn og verklýsingar um „Snæfellsnesveg um Kolgrafafjörð“. Þátttakendur fá í hendur gögn um það verk s.s. verklýsingar, teikningar o.fl., kennarar taka raunhæf dæmi úr því verki og byggja verkefnavinnuna á því.

Áhersluþættir í umfjöllun um einstaka verkþætti verða m.a.: Efra burðarlag (þjöppun), klæðing, malbik, steipt mannvirki

(yfirbygging brúar), undirstöður (hreinsun á klöpp), sprengingar (öryggisreglur), vinnustaðamerkingar. Tekið verður mið af almennum verklýsingum Vegagerðarinnar Alverk '95 og fjallað um einstaka kafla eftir því sem tilefni er til. Við gerð eftirlitsáætlana verður stuðst við ýmis rit Vegagerðarinnar s.s. Alverk '95, Umsjón framkvæmda og Leiðbeiningar um framkvæmdakerfi Vegagerðarinnar.

Umsjón: Ásdís Elva Guðmundsdóttir verkfræðingur HR og Oddur Sigurðsson jarðverkfræðingur GeoTek stundakennari HR. Aðrir kennarar: Ingunn Sæmundsdóttir verkfræðingur, sviðsstjóri byggingar- og véltækisviðs HR, Gísli H. Guðmundsson verkfræðingur Ístaki, Kolbeinn Kolbeinsson verkfræðingur Ístaki, Björn Ólafsson verkfræðingur Vegagerðinni, Sigurbór Guðmundsson tæknifræðingur Vegagerðinni, Rögnvaldur Gunnarsson tæknifræðingur Vegagerðinni.

Þátttakendur: Eftirlits- og umsjónarmenn, hámarksfjöldi 20. Tími: 10-14. október, frá hádegi á mánudag og fram að hádegi á föstudag, skv. dagskrá.

Staður: Húsnæði HR við Höfðabakka 9.

Veitingar: Matur verður í mötuneyti HR, kl. 12:00 – 12:40, kaffi í 15 mín. fyrir og eftir hádegi á gangi við kennslustofu.

Nánari stundaskrá verður birt á www.vegagerdin.is

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	06
05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	05
05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	05
05-063 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík, eftirlit	05
05-065 Göngubrú yfir Kópavogslæk	05
05-035 Héðinsfjarðargöng	05
05-047 Hringvegur (1), Arnórsstaðamúli	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn	05
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	05
05-054 Pverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur	05
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
05-053 Vestfjarðavegur (60) um Svínadal	05
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	05
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabatna	05
05-037 Krísuvíkurvegur (42), Hraunhella - Hamranes	05
05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05

Niðurstöður útboða

Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit 05-060

Tilboð opnuð 20. september 2005. Eftirlit með verkinu: Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur. Í verkinu felst eftirlit með gerð tveggja akreina Hallsvegar frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi. Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. ágúst 2006. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð. Nöfn bjóðanda eru birt hér í stafrófsröð.

Bjóðandi	Hæfnimat einkunn	Tilboð (kr.)
Almenna verkfræðistofan	52,0	4.602.000
Fjölhönnun ehf., verkfræðistofa	54,0	4.196.400
Hnit hf., verkfræðistofa	54,0	4.639.050
Hönnun hf., verkfræðistofa	52,0	4.446.000
Línuhönnun hf.	55,0	4.944.733
VSÓ-ráðgjöf ehf.	53,0	4.050.000

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
05-067 Djúpvvegur (61), Kjörseyri - Prestbakki	26.09.05	11.10.05

05-058 Reykjanesbraut (41), breikkun, Strandarheiði - Njarðvík	26.09.05	08.11.05
--	----------	----------

Útboð á samningaborði

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-062 Vestfjarðavegur (60), um Laxá og Naðurdalsá	05.09.05	20.09.05

05-042 Þingskálavegur (268), ræsi	29.08.05	13.09.05
-----------------------------------	----------	----------

05-060 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur, eftirlit	29.08.05	13.09.05
--	----------	----------

05-056 Strandavegur (643), Illaholt - Blæja	22.08.05	06.09.05
---	----------	----------

00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	15.08.05	06.09.05
--	----------	----------

05-034 Vestmannaeyjaferja 2006-2010	02.08.05	06.09.05
-------------------------------------	----------	----------

05-059 Heiðmerkurvegur (408), malbikun 2005	15.08.05	30.08.05
---	----------	----------

05-057 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Siglufjörður 2005 - 2008	02.08.05	16.08.05
--	----------	----------

05-045 Kísilvegur (87), slitlagsendi á Grímsstaðaheiði - Geitafellsá, 1. áfangi	02.08.05	16.08.05
---	----------	----------

05-051 Vatnsnesvegur (711), Ósar - Hólaá	18.07.05	09.08.05
--	----------	----------

Samningum lokið

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
05-048 Hlíðarvegur (917) um Laxá hjá Fossvöllum Héraðsverk ehf.	16.08.05	09.09.05

Vestfjarðavegur (60) um Laxá og Naðurdalsá 05-062

Tilboð opnuð 20. september 2005. Endurlögn Vestfjarðavegar á u.þ.b. 1 km kafla, um Laxá og Naðurdalsá í Króksfirði, ásamt lagfæringum tveggja heimreiða. Auk þess skal víkka út skeringu á u.þ.b. 140 m kafla og lækka vetrarveg á u.þ.b. 80 m kafla.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar og fláafleygar	19.000 m ³
Skeringar við Bæjará	4.000 m ³
Neðra burðarlag	3.800 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. júlí 2006.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
6	Skriðufell ehf., Búðardal	25.085.000	117,8	6.185
5	KNH ehf., Ísafirði	23.899.000	112,2	4.999
4	Berglín ehf., Stykkishólmi	23.326.600	109,5	4.426
3	Fylling ehf., Hólmavík	21.840.000	102,6	2.940
2	Stakkafell ehf., Patreksfirði	21.707.400	101,9	2.807
—	Áætlaður verktakakostnaður	21.295.100	100,0	2.395
1	Ístrukkur ehf., og Sandvirki, Kópaskeri	18.900.500	88,9	0